
Róbert Marshall (Hovedindlæg)

Maður spyr sig oft, þegar maður veltir fyrir sér loftslagsvánni sem blasir við veröldinni, hvað það sé í raun og veru sem maður getur gert til að leggja sitt af mörkum. Hér er tillaga sem er raunverulegt framlag til þess stóra verkefnis sem heimurinn glímir við; verkefni sem heimurinn þarf að einbeita sér að.

Við verðum að hætta notkun jarðefnaeldsneytis og snúa okkur að endurnýjanlegum orkugjöfum. Við erum ekki að tala um að minnka notkunina, þó að það séu kannski fyrstu skrefin, við verðum að hætta því. Það blasir við í þessu samhengi að til dæmis orkunýting sem felur í sér geymslu á vatni er svið sem að minnsta kosti þrjú Norðurlandanna, Finnland, Svíþjóð og Ísland, búa yfir mikilli þekkingu á. Aðrar þjóðir og fleiri glíma við verkefni á öðrum sviðum og hafa þekkingu þar en ég vil nefna sérstaklega þessi þrjú svið þar sem okkar framlag í þessum efnum getur verið mjög mikilvægt.

Ég vil líka tala um samevrópskt orkunet í þessu samhengi sem getur verið mikilvægt ef við horfum til þess að framlag okkar til þróunarmála, t.d. til Afríku, getur í framtíðinni verið fólgið í raforku, aðgangi að rafmagni. Það eru 25 af 54 löndum í Evrópu sem eru í miðri orkukrísu og útlit er fyrir að árið 2020 verði 60% af íbúum suður af Sahara-eyðimörkinni enn án rafmagns. Tenging á milli heimssvæða í þessum efnum getur því verið mikilvæg og geymsla á raforku og rannsóknir á því sviði eru raunverulegt framlag til þessa stóra verkefnis.

Miðjuhópurinn styður þetta mál.

Ofte, når man tænker på den klimatrussel som verden står overfor, så spørger man sig selv, hvad man egentlig kan gøre for at bidrage med noget. Her har vi et forslag, som er et reelt bidrag i forhold til den store opgave, som verden må løse; en opgave, som verden er nødt til at koncentrere sig om.

Vi må holde op med at bruge fossile brændstoffer og gå over til fornybar energi. Vi taler ikke om at reducere forbruget, selv om det i sig selv kunne være det første skridt. Vi er nødt til at holde helt op med at bruge det. Det indlysende i denne sammenhæng er for eksempel udnyttelsen af energi, der består i energilagring i vand, et område som i hvert fald tre nordiske lande, Finland, Sverige og Island, ved meget om. Andre lande står overfor udfordringer på andre områder som de ved noget om, men jeg vælger at nævne disse tre områder, hvor vores bidrag kan vise sig at være meget vigtigt.

Jeg har også lyst til at nævne det fælleseuropæiske energinet i denne sammenhæng, da vores bidrag til udviklingen i for eksempel Afrika i fremtiden kan dreje sig om elektricitet, adgang til elektricitet. 25 ud af 54 europæiske lande befinder sig midt i en energikrise og ifølge prognoserne vil 60 procent af beboerne syd for Sahara-ørkenen stadigvæk være uden elektricitet i 2020. En kobling mellem verdensdele på dette område kan derfor vise sig at være vigtig, og lagring af elektricitet og forskning på feltet er derfor reelle bidrag i forhold til denne store opgave.

Midtergruppen støtter sagen.

Tale nummer

342

Type

Hovedindlæg

Person

[Róbert Marshall](#)

Speaker role

Midtergruppens talsperson

Dato

30.10.14 13:28

Sak

[Utvalgsforslag om energilagring som instrument i klimapolitikken](#)